

Nd.

470. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförunum árum. Til þess að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumvarpsins milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Eftir að efri deild afgreiddi frv., bárust nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt, sem nefndin tók til athugunar, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Bragi Sigurjónsson,
fundaskr.

Magnús Kjartansson.

Pétur Sigurðsson.

Jónas Jónsson.

Jónas Pétursson.

Steingrímur Pálsson.